

## 49. fundur Svæðisráðs Suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn í ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 18. janúar 2017 kl. 10:30.

**Mættir:** Björn Ingi Jónsson, Sigurlaug Gissurardóttir, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Snævarr Guðmundsson, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir, Guðrún Inga Bjarnadóttir, einnig Helga Árnadóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar og Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Staða landslags og víðerna í Vatnajökulsþjóðgarði. Þorvarður Árnason

Þorvarður Árnason kynnir rannsóknir um landslag og víðerni. Verndun landslags hefur skýrst viðbreytingar á lögum um náttúruvernd, 2013 nr. 60. .

<http://www.althingi.is/lagas/145a/2013060.html> Sjá 47. Gr. Þjóðgarðar. 50. Gr.

Landslagsverndarsvæði. IUCN flokkur 5.

Árið 2010 kom út skýrsla við HÍ: Íslenskt landslag – sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni. Meiri áhersla á víðerni í nýju náttúruverndarlögunum og líka í Landsskipulagi.

Snævarr spyr hvort víðernaskilgreining snúist alltaf um menn, hvort það sé ekki horft til dýra og hversu stór búsvæði þau þurfa?

Þorri svarar því til að skilgreiningin landslag/víðerni gangi út á hina dauðu náttúru, landslagið byggir á jarðfræðinni og skilgreiningarnar endurspeglar upplifun okkar sem mannvera á fegurð t.d.

Þorvarður bendir á að og æ meira af gögnum eru komin í GIS og spennandi væri að leggja ýmsar þekjur saman til að sjá hvernig landslag – berggrunnur og jarðmyndanir falla saman við skilgreiningar víðerna.

Við vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun var leitað til aðila í heimabyggð. Þorvarður bendir á að það sé mikilvægt fyrir þjóðgarðinn að hafa aðgang að sérfræðiþekkingu í nærsvæðinu og að þekkingin sem verði til verði eftir í heimabyggð.

Umræður um hvernig stjórnunar- og verndaráætlun eigi að vera uppbyggð og hvort rannsóknir eigi frekar að vera hliðarafurðir við hana? Fram kemur að í umsóknarferli til Unesco verði að vera með áreiðanleg gögn með réttum upplýsingum og vísað í kort með landslagsgerðum í SOGV sem samkvæmt nýjum gögnum er alls ekki nógu áreiðanlegt. Guðrún bendir á að víðernisupplifunin sé alls ekki endilega bundin við þau stærðarviðmið sem eru lögð fram í skilgreiningum. Þú getir verið inni í litlum dal þar sem eru engin mannvirki og upplifað víðerni þó ekki sé um stórt svæði að ræða.

Umræða um hvað ætti að leggja áherslu á í Unesco umsókn á heimsminjaskrá, jarðfræði, landslag, menningu og sögu, eða allt saman.

#### 2. Erindi aðila í afþreyingarferðapjónustu.

Haukur Ingi Einarsson frá Glacier Adventure kynnti hugmyndir frá Glacier Adventures ehf og Local Guide ehf um nýtingu viðkvæmra svæða innan þjóðgarðs í tengslum við breytingar á lögum VJP og tilvonandi Atvinnustefnu þjóðgarðsins en ekki síður vegna þeirrar öru þróunar og breytinga sem hafa átt sér stað í greininni.

Fyrirtækin leggja til að við nýtingu viðkvæmra svæða innan Vatnajökulsþjóðgarðs verði lögð áhersla á sjálfbærni, öryggi og upplifun gesta, en einnig hugað að samfélagsþróun. Stjórnun, stýring og eftirlit þjóðgarðs verði miðuð að því að hámarka nýtingu með það að markmiði að ofangreindir þættir geti þróast á jákvæðan hátt.

Haukur benti á að atvinnuuppbygging afþreyingarfyrirtækja hefði þegar skapað mörg störf heimamanna og nefndi Örafín sem gott dæmi um jákvæða samfélagsþróun þar sem ungt fólk fengi tækifæri til að flytja heim, byggja upp fyrirtæki og sjá fyrir fjölskyldu. Þetta væri gott tækifæri fyrir brothættar byggðir að byggjast upp innan frá.

Haukur benti einnig á að margvísleg afleidd þjónusta í nær- og fjærsamfélaginu nyti góðst af starfseminni.

Haukur nefndi að mögulegt væri að aðgangsstýra út frá tíma, markhópar væru mismunandi en hægt væri að skipta tíma upp í % fyrir hvern hóp til að ná fram grunnmarkmiðum, sjálfbærni, öryggi, upplifun og jákvæðri samfélagsþróun. Etv. mætti sameina einstaka hópa.

Ef yrði innheimt gjald fyrir afnot svæðisins ætti gjaldið að renna til umráðenda, eftirlits- og rannsóknaraðila á svæðinu, til landvörslu, tryggja sjálfbærni, bæta aðgengi, tryggja öryggi, tryggja að unnið sé í samræmi við gerða samninga.

Hugsanlega væri hægt að skipa ráð sem sér um öryggi og viðhalda aðgengi sem væri skipað hagsmunaaðilum, t.d. þjóðgarður, afþreyingarfyrirtæki, almannavarnir.

Hugleiðingar komu frá fundarmönnum um einstaklinga á eigin vegum, hvort þeir ættu líka að greiða gjald. Jafnvel hvort eigi að banna fólki að fara á eigin vegum þannig að fólk sé skyldugt til að fara með leiðsögumanni t.d. í íshella. Einnig komu upp vangaveltur í sambandi við tryggingar.

Við úthlutun leyfa ætti að horfa til þess að tryggja sjálfbærni, öryggi, upplifun og jákvæða samfélagsþróun.

Horfa ætti til reynslu og hæfni umsækjenda, t.d. ætti að gera kröfu um að fyrirtæki sé í Vakanum. Hver byggði upp markaðinn?

Umsækjendur þyrftu að skila inn greinagerð um hvernig starfsemin fellur að stefnu stjórnvalda, aðstöðuuppbyggingu þeirra, umhverfis- og menntastefna sé til staðar ofl.

Guðrún spyr hvort eitthvað kerfi sé í gangi varðandi að láta vita af þeim sem eru ekki að haga sér eins og þeir eiga að gera. Regína og Helga svara því að frá 19. desember hafi starfsmenn sinnt eftirliti á Breiðamerkursandi, á vegslóða að fjölsóttasta íshellinum. Starfsmenn þjóðgarðsins hafi skráð hjá sér það sem þeir verði vitni að eða hafi fengið ábendingar um og sent almenna tölvupósta á öll fyrirtæki sem vitað er um varðandi slík málefni og almennar umgengnisreglur t.d.

Umræður sköpuðust t.d. um hvernig hægt væri að deila íshellinum með fleirum. T.d. einn ljósmyndahópur kl. 10 í 40 mínútur, annar kemur inn eftir 20 mín. Og þeir eru saman í 20 mín og svo hinn einn í 20 mín, svo kæmi næsti hópur.

Ef væri almennur hópur geta verið fleiri inni í hellinum í einu. T.d. 80 manns í einu í hellinum.

Haukur segist ekki sjá neina töfralausn á því hvernig hann myndi vilja sjá fyrir sér stýringuna en leggur áherslu á að horft yrði til samfélagslegrar þróunar við úthlutunar leyfa.

### **3. Stjórnunar- og verndaráætlun, 4. Lög um Vatnajökulspjóðgarð**

Farið yfir athugasemdir og punkta frá Helgu og Regínu sem sendir voru á svæðisráð fyrir fundinn. Aðrir komu einnig með innlegg jafnóðum. Allar athugasemdir og tillögur hafa verið færðar inn í drög að Stjórnunar- og verndaráætlun sem lá fyrir fundinum og Björn Ingi sér um að koma því til skila.

### **4. Jöklavagnar Glacier Goodies áframhaldandi rekstur**

Umsókn liggur fyrir fundinum frá Jöklavögnum og svæðisráð mælir með því að þeim verði veitt leyfi á sömu forsendum og undanfarin ár.

### **5. Erindi Ríkis Vatnajökuls**

Svæðisráð fagnar þessu erindi sem er formleg ósk ferðaþjónustuaðila um aðkomu að mótun atvinnustefnu. Formanni svæðisráðs er falið að koma þessum sjónarmiðum á framfæri á fundi stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs.

### **6. Erindi landeigenda Skálafelli**

Fyrir fundinum lá erindi frá landeigendum á Skálafelli. Umræður sköpuðust um salernismál og samninga um upplýsingagjöf almennt. Svæðisráð tekur undir að fara þurfi yfir greiðslur vegna þjónustu og aðstöðu þeirra landeigenda sem hafa verið með samning um upplýsingagjöf við

þjóðgarðinn. Sérstaklega í ljósi þess að greiðslur vegna samninga um upplýsingagjöf hafa ekki haldist í hendur við mikla fjölgun ferðamanna á ársgrundvelli. Svæðisráð telur að skýr aðgreining þurfi að vera á milli greiðslna vegna landvörslu (upplýsingagjöf og eftirlit) annarsvegar og salernisaðstöðu hinsvegar. Erindinu vísað til stjórnar.

#### **7. Atvinnustefna**

Svæðisráð leggur til að stjórn sendi frá sér tilkynningu um með hvaða hætti rekstraraðilar innan þjóðgarðsins eigi að skila inn umsóknum um starfsleyfi.

#### **8. Rekstur suðursvæðis 2016**

Regína og Helga kynntu ýmislegt tengt rekstrinum á suðursvæði, fjölgun ferðamanna, framkvæmdir og fleira.

#### **9. Rekstur suðursvæðis 2017**

Verður farið betur yfir á næsta fundi

Önnur mál voru engin, fundi slitið kl. 16:20.